

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sent inn í samráðsgátt

Gagnaveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík
Kt. 691206 3780
Sími: 516 7777

ljosleidarinn.is

Grænbók um fjarskipti
Mál nr. 143/2021

Umsögn Gagnaveitu Reykjavíkur

Gagnaveita Reykjavíkur tekur undir sjónarmið sem fram koma í grænbók um styrkingu innviða og endurnýjun þar sem við á. Mikilvægt er að horft sé til samkeppnissjónarmiða við styrkingu innviðanna auk þess sem gæta þarf ítrustu öryggissjónarmiða.

Mikil uppbygging ljósleiðarainnviða hefur átt sér stað í dreifbýli samhliða átakinu *Ísland ljóstengt* og hefur átakið skilað betri fjarskiptatengingum í dreifbýlinu. Nú er staðan sú að eftir standa þéttbýliskjarnar sem og efling stofntenginga eins og bent er á í grænbók. Til þess að ýta undir arðbærni verkefna þarf að vera til staðar öflugt stofnnet sem hægt er að tengjast með arðbærum hætti svo veita megi þjónustu til þeirra staðfanga sem eru innan þéttbýliskjarnanna. Í núverandi ástandi þar sem fjarfundum hefur fjölgað, fjarvinna aukist og störfum án staðsetningar fjölgar hvorttveggja hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum, koma betur í ljós áhrif mismunandi ástands og framboðs fjarskiptainnviða. Enn eru margir þéttbýlisstaðir – sumir býsna fjölmennir – útundan í lagningu ljósleiðara. Á sama tíma eru sífellt gerðar meiri kröfur til fjarskiptatenginga, ekki eingöngu vegna vinnu eða dægradvalar heldur ekki vegna öryggishlutverks þeirra. Náttúruvá af ýmsu tagi er algeng hér landi og kann að verða tíðari með breyttu loftslagi en yfirstandandi heimsfaraldur hefur einnig sýnt viðfangsefnið í nýju ljósi.

Það eru sjónarmið Gagnaveitu Reykjavíkur að til þess að ná settum markmiðum og halda áframhaldandi fyrsta sæti varðandi ljósleiðara og forystu hlutverki í stöðu fjarskipta að við þurfi að gera enn betur. Til þess er mikilvægt að samræmi gæti milli gagna hjá opinberum aðilum/stofnunum og að gögn geti farið þeirra á milli. Slík gögn geta t.d. varðað fjölda fasteigna og skiptingu þeirra niður á mismunandi rými, fjölda íbúa og fyrirtækja og myndu hafa áhrif á framsetningu gagna hjá Fjarskiptastofu (áður Póst- og fjarskiptastofnun) og fleiri aðila. Með því mætti auka sýn á stöðu ekki aðeins fjarskipta í heild heldur einnig varðandi aðra þætti með samræmingu vinnslu umræddra gagna.

Stofnnet fjarskipta í landinu samanstendur af landshring, svokölluðum NATO hring, sem er kominn til ára sinna og inniheldur fáa ljósleiðaraþræði m.v. nútíma notkun og fjölda í strengjum í dag. Önnur félög hafa einnig byggt upp þjónustu á landshringnum, tvö þeirra á umræddum NATO hring og frekari uppbygging átt sér stað bæði tengt því og ótengt. Gagnaveita Reykjavíkur, Tengir, Míla og fleiri aðilar hafa unnið að frekari útbreiðslu



Ljósleiðara og þá eru Orkufjarskipti, áður Fjarski, búin að byggja upp hluta af nýjum landshring. Það er mat Gagnaveitu Reykjavíkur að huga þurfi að auknu öryggi fjarskipta á Íslandi og að hugað verði að fyrirkomulagi við styrkingu stofn innviða landsins, öryggi þeirra með dýpt og mikilvægum leiðum ásamt eignarhaldi á þeim. Með öflugum stofnneti aukum við ekki aðeins öryggi fjarskipta heldur einnig öryggi t.d. raforkukerfis og sífellt fleiri grunnkerfa sem treysta á öflug og örugg fjarskipti. Þá er ótalið mikilvægi þess að til staðar séu öflugar fjarskiptatengingar inn og út úr landi með öflugum sæstrengjum. Allt hefur þetta áhrif hvert á annað.

Bætt fjarskipti hafa áhrif á samfélagið allt og munu þau aukast enn frekar þegar fram líða stundir og huga þarf vel að umhverfispáttum sem bent hefur verið á með auknum möguleikum á heimavinnu og störfum án staðsetningar, sbr. einnig t.l. 3.4 í Grænbók. Samhliða er vert að horfa til þeirra breytinga sem hafa orðið á umhverfi okkar með tækninýjungum og að fræðsla til barna, sem og annarra, taki mið af því og aukinni áherslu á netöryggi.

Með öllu framangreindu þarf að horfa á allar hliðar máls og mikilvægt að horft sé til öryggisþátta, samkeppnissjónarmiða og að löggjöf sem sett verði styðji við uppbyggingu fjarskipta og þá tækniþróun sem á sér stað á þann hátt að löggjöf sé tæknilega hlutlaus.

Fyrir hönd Gagnaveitu Reykjavíkur

Jóhann Sveinn Sigurleifsson